Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

JANÚAR 2022

1. tbl. 25. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Örn Magnússon
organista og
píanóleikara

Festi vill byggja við Ægisíðu

Festi hefur kynnt áform um að reisa 13 til 15 þúsund fermetra byggingar á reitnum við Ægisíðu þar sem bensínstöð N1 er nú en hætta á starfsemi hennar samkvæmt samningum við Reykjavíkurborg. Nágrannar byggingarreitsins hafa látið í ljós áhyggjur, einkum af hæð væntanlegra bygginga og hversu mikið kunni að verða byggt á þessum stað.

Betri laun
VIRTUS
Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann
Nú **sækjum** við og **skilum** bílnum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
Þín verslun
Sími 551-0224

Úrvals
þorramatur
úr kjötborði ...og allt meðlætið

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
1. tbl. 25. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Söguskipti við Hagatorg

Með tilkomu Hótel Sögu í Bændahöllinni hófust nýir tímar í ferðaþjónustu, hótelrekstri og samkomuhaldi hér á landi. Hótelið var opnað árið 1962. Hótel Saga var fyrsta hótelið hér sem telja má að staðist hafi alþjóðlegar væntingar og kröfur. Þar gistu erlendir þjóðhöfðingjar og önnur fyrirmenni sem komu til landsins um árabil auk margra annarra sem gerðu ákveðnar kröfur.

Bændahöllin við Hagatorg er og verður eitt þekktasta kennileiti borgarinnar. Teiknuð af Halldóri H. Jónssyni og reist af bændum til athvarfs í höfuðstaðnum.

Bændahöllin er hluti af þeirri heildarmynd sem sköpuð var við Hagatorg þar sem nokkrar af þekktari byggingum landsins standa. Byggingin er einnig tengd svæði Háskóla Íslands. Enda nánast inn á háskólasvæðinu.

Hótel Saga var rekin í tæpa sex áratugi. Á síðasta áratug fór reksturinn að þyngjast. Ráðast þurfti í umfangsmiklar viðhaldsbætur á nær hálfrar aldar gömlu húsi. Mörg hótel höfðu þá risið og samkeppnin orðin þyngri.

Með falli flugfélagsins WOW air og síðar komu heimsfaraldurs sem kenndur er við kórónaveiru dróst ferðaþjónustan saman. Var nánast engin um tíma. Þetta þoldi rekstur Hótel Sögu ekki.

Var þá hnykkt á hugmyndum um að selja húsið sem ekki var einfalt mál. Ýmsir sýndu því áhuga en ekkert varð úr sölu. Háskóli Íslands sýndi Bændahöllinni fljótlega áhuga enda fellur hún vel inn í Háskólasvæðið án þess að skerða umhverfi Hagatorgsins.

Með kaupum á Bændahöllinni mun starfsemi Háskóla Íslands að mestu færast á einn stað. Byggingin mun sóma er vel sem hluti háskólasvæðisins. Taka má undir hugmynd Jóns Atla Benediktssonar rektors um að halda Sögu nafninu. Hún er af hinu góða.

Nýtt og glæsilegt torg við Tryggvagötu

Framkvæmdir við Tryggvagötu eru hluti af því verkefni að gera borgina betri, mannvænni, fallegri og aðgengilegri fyrir virka ferðamáta.
Mynd: Sigurður Ólafur Sigurðsson.

Einhver hafði blandað saman
ljósi og skuggum
og dreift yfir borgina,
þokukenndri birtu
sem leysti upp öll landamæri.
Allar leiðir voru greiðar.

Þessar ljóðlínur eftir Sigurð Pálsson, skáld og rithöfund hafa verið settar niður í nýtt torg við Tryggvagötu. Með endurgerð Tryggvagötu hefur orðið til nýtt torg við Tollhúsið þar sem mósaíklistaverk Gerðar Helgadóttur fær að njóta sín. Tryggvagata á milli Pósthússtrætis og Grófarinnar hefur nú tekið stakkaskiptum með hönnun sem leggur áherslu á fólk og blómstrandi mannlíf. Framkvæmdir við Tryggvagötu eru hluti af því því verkefni að gera borgina betri, mannvænni, fallegri og aðgengilegri fyrir virka ferðamáta.

Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt hjá Landmótun hafði umsjón með hönnun torgsins. Hún líkir aðstæðunum við Austurvöll þar sem gjarnan er setið úti á veitingastöðum í sól og skjóli frá norðanáttinni. Einstök mósaíkmynd Gerðar hafi hingað til verið falin en fái nú að njóta sín mikið betur. Áskorun hafi falist í að hanna torg sem myndi ekki taka athygli frá fallegu verki og því hafi verið ákveðið að hafa þarna steypt torg fremur en hellulagt. Sérstaka kastara þurfti til að lýsa upp verkið en lýsingarhönnuður var Sölvi Kristjánsson frá Lisku. Kastararnir þurftu að endurkasta öllum litum í litrófinu til að gera verkinu góð skil eftir að rökkva tekur. Áslaug segir að kastararnir sem lýsi upp gönguleiðina séu hins vegar með mýkri og gulari birtu. Rebekka Guðmundsdóttir borgarhönnuður hjá Reykjavíkurborg kveðst telja að þetta torg eigi eftir að nýtast mjög vel því það er sólríkt fram eftir degi. Vítt sé á milli veggja og sólin nái að skína í gegnum Pósthússtræti og inn á svæðið.

Rebekku telur Tryggvagötuna orðna flottustu götuna í miðborginni og kveðst ánægð með þessa umbreytingu. Hún segir götuna hannaða þannig að umferðin verður hægari og miklu meira pláss fyrir fólk og mannlíf. Komið sé dvalarsvæði og gatan eins gróðursæl og best getur verið í götu í borgarmiðuðu umhverfi. Tryggvagata er að verða sannkölluð listagata því í næsta húsi, Hafnarhúsinu er Listasafn Reykjavíkur til húsa. Borgin hefur nú keypt allt húsið og nú er að fara af stað hugmyndavinna um nýtingu hússins og hvernig myndlistinni verður gert sem hæst undir höfði. Að lokum má geta þess að hugmyndin er að Listaháskóli Íslands fái samastað í Tollhúsinu.

Hönnunarsamkeppni um Grófarhúsið

- miða á við lifandi samfélagsrými

Reykjavíkurborg ætlar að efna til hönnunarsamkeppni um endurhönnun á Grófarhúsinu þar sem höfuðstöðvar Borgarbókasafnsins eru í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Samkeppnin er hönnunar- og framkvæmdasamkeppni með forvali. Að því loknu munu fimm teymi taka þátt í samkeppni um breytingar og endurbætur á Grófarhúsi við Tryggvagötu sem á að hýsa framtíðarbókasafn miðborgarinnar. Hluti þessara endurbóta er að Grófarhúsið fái aftur sitt upprunalega útlit.

Miða á við að framtíðabókasafn miðborgarinnar verði lifandi samfélagsrými og þátttökugátt fyrir íbúa Reykjavíkur. Öllum sem uppfylla skilyrði er frjáls þátttaka í forvalinu og óskað er eftir að mynduð verði þverfagleg teymi sem í eru að minnsta kosti einn arkitekt, einn innanhússarkitekt og einn upplifunarhönnuður þegar sótt er um. Framkvæmdin sjálf mun fela í sér gagngera endurgerð Grófarhússins við Tryggvagötu og tengingu við nýja viðbyggingu.

Grófarhúsið höfuðstöðvar Borgarbókasafnsins.

Aðalútibú Borgarbókasafnsins er til húsa í Grófarhúsinu en hugmyndin er að breikka starfsemi þess í anda breytinga á bókasöfnum í nágrannalöndunum. Grófarhúsið á að verða hús fyrir fólk þar sem allir eru velkomnir og upplifa að þeir séu það eins og segir í forsögn að fyrirhugaðri samkeppni. „Fólk á að geta komið saman, verið einsamalt, leitað sér upplýsinga eða bara dvalið í fjölbreyttum herbergjum á sínum forsendum og notið jafns aðgengis að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum, óháð samfélagsstöðu, efnahag, kyni, heilsu eða þjóðerni,“ segir á heimasíðu safnsins.

Ævintýraborg Eggertsgötu
Opnun í febrúar 2022

Ævintýraborg Nauthólsvegi
Opnun í apríl 2022

ÆVINTÝRABORGIR

Tveir nýir leikskólar

- Viltu taka þátt í að móta skólann frá upphafi?

Við leitum að kraftmiklu, skapandi og metnaðarfullu fólki til að slást í för með okkur og móta starfið í skólunum tveimur, við Eggertsgötu og Nauthólsveg.

Ævintýraborgirnar eru leikskólar miðsvæðis í borginni. Í þeim verður góður aðbúnaður fyrir börn og starfsfólk. Frábær starfsmannaaðstaða, nægt rými og 36 stunda vinnuvika.

Fríðindi:

- Sundkort
- Afsláttur á dvalargjaldi
- Samgöngustyrkur
- Forgangur í leikskóla
- Menningarkort
- Heilsustyrkur
- Frír hádegismatur

Nánari upplýsingar um störfin og ævintýraborgirnar á **reykjavik.is/storf**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ég hef alltaf verið að fást við tónlist

Örn Magnússon organisti og píanóleikari spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Örn býr í Sörlaskjóli 4 ásamt eiginkonu sinni Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur sópransöngkonu. Þetta er sannanlega tónlistarheimili. Örn hefur fengist við tónlist frá unga aldri og Marta hefur komið víða við á ferli sínum. Þau hafa bæði unnið við þjóðlega tónlist og menningararf ásamt öðrum tónlistarverkefnum. Þau eiga mörg hljóðfæri sem þau hafa safnað saman í gegnum tíðina. Sum þeirra virka framandi en eiga flest rætur í tónsmíðum og tónlistarflutning fyrri tíma. Börn þeirra hafa tekið þennan áhuga frá foreldrunum og saman reka þau hljómsveitina Spilmenn Ríkínís sem hefur einbeitt sér að tónlist fyrri tíma.

Örn Magnússon í geislum kvöldsólar heima í stofu þar sem hann leikur á hin ótrúlegustu hljóðfæri.

En hvaðan kemur þessi áhugamaður um tónlist, gömul hljóðfæri fyrri tíma og er í raun fjöllistamaður þegar að hljóðfæraleik kemur. „Ég er fæddur og uppalinn í Ólafsfirði. Þessum litla og snjóþunga kaupstað. Þar sem oft sá varla handa á milli vegna snjókomu á vetrum. Þarna gekk ég í barna- og gagnfræðaskóla og átti þar lögheimili allt fram fyrir framhaldsnám eða allt til 1986 að ég sagði skilið við Ólafsfjörð og flutti lögheimilið til Reykjavíkur.

Strákarnir hans Kristins

En hvernig var að ánetjast tónlist og menningararfi í bæ sem var næstum lokaður á þeim tíma og flest snerist um sjó og fisk. „Ég hef haft áhuga á tónlist allt frá því að ég man eftir mér. Á þessum tíma var Kristinn G. Jóhannsson kennari og myndlistarmaður skólastjóri Gagnfræðaskólans í Ólafsfirði. Við vorum nokkrir strákar sem höfðu annan áhuga en þann sem sveif yfir plássinu. Áhuga á menningu og listum fremur en fiski og flökun. Einkum tón- og myndlist. Ég get nefnt fyrir utan mig, þá Kristinn Hrafnsson myndhöggvara og Gunnar Randversson tónlistarkennara. Við Gunnar erum reyndar náfrændur enda margir skildir í Ólafsfirði. Fólk fór oft ekki langt til að finna sér lífsförunaut. Þetta var nánast eins og í dölum til sveita fyrri tíðar. Fólk fór ekki yfir bæjarlækinn. Kristinn fann þennan áhuga hjá okkur og studdi okkur. Við eigum þeim stuðningi mikið að þakka og þar liggur ef til vill grunnurinn að við fórum allir í listnám. Við Gunnar í tónlistina og Kristinn í myndlist.“

Frá Akureyri til Manchester, Berlín og London

Að loknu námi hjá Kristni og fleirum í Gagnfræðaskólanum í Ólafsfirði lá leiðin til Akureyrar. „Ég fór í Menntaskólann á Akureyri og Tónlistarskólann þar sem ég lauk burtfararprófi 1979. Þaðan lá leiðin til útlanda. Til Bretlands þar sem ég stundaði framhaldsnám í Manchester og síðar í Berlín og London. Eftir námið hef ég starfað eingöngu við tónlist.“ Örn hefur leikið á alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Í Japan, Noregi, Finnlandi, Ungverjalandi og víðar. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2001 ásamt Finni Bjarnasyni söngvara fyrir hljómdiskinn með Söngvum Jóns Leifs.

Sannkallað tónlistarheimili

Örn býr í Sörlaskjóli 4 ásamt Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur eiginkonu sinni og sópransöngkonu. „Ég kynntist konunni minni 1990. Við höfðum kynnst í gegnum tónlist. Ég var dálítið skotinn í henni. Tók samt ekki mikið mark á því í fyrstu en það rann ekki af mér og þetta lenti með því að við urðum hjón.“ Þau hafa bæði fengist við þjóðlega tónlist og menningararf ásamt öðrum tónlistarverkefnum. Þau eiga mörg hljóðfæri sem þau hafa safnað saman í gegnum tíðina. Flest eiga þau rætur í tónsmíðum og tónlistarflutning fyrri tíma. Þau gera líka fleira en að safna hljóðfærum. Þau leika á flest þeirra.

Snéri sér að orgelinu

Örn starfar í dag meðal annars sem organisti við Breiðholtskirkju. Hvað kom til að hann snéri sér að orgelinu og kirkjutónlistinni. „Eitt haustið var fremur lítið fram undan hjá mér. Ekki nægilega mörg verkefni í dagbókinni að mér fannst. Ég hafði lengi hugsað um orgelleik og ákvað þarna að nú skildi ég láta gamlan draum rætast. Nú kæmi orgelið inn í myndina. Ég hringdi í Björn Steinar Sólbergsson organista í Hallgrímskirkju og innritaði mig í nám í orgelleik. Og eftir það varð ekki aftur snúið. Ég tók bæði kantórs- og einleikarpróf og fór fljótlega að starfa sem organisti ásamt fleiru. Ég byrjaði í Saurbæjarprestakalli þar sem ég sinnti starfi organista í fjögur ár og fór síðan í Breiðholtskirkju.“ Örn segir gaman hafi verið að leika á litlu orgelin í sveitakirkjunum. „Það voru mis góð en höfðu öll sinn sjarma. Á þessum sama tíma fengum við Marta áhuga á þessum gamla þjóðararfi sem við höfðum verið að fást við undanfarin ár. Við fórum að skoða ljóðasöng en Engel Lund eða Gagga eins og hún var oft kölluð hafði fengist við hann.“ Fyrir þá sem ekki vita var Engel Lund söngkona af dönskum ættum. Hún var einkum þekkt sem þjóðlagasöngkona og fór víða um heim. Hún starfaði einnig sem tónlistarkennari í Reykjavík eftir 1960.

Fengum áhuga á langspilinu

Svo tók eitt við af öðru. „Það má segja,“ segir Örn. Þarna fæddist okkur áhugi á að fara að skoða gömul hljóðfæri. Einkum fengum við áhuga á langspilinu og sögu þess en fórum líka að skoða heimildir um gömul hljóðfæri sem spilað var á hér á landi fyrr á öldum.“ Víkjum aðeins að langspilinu. Þótt það sé ekki mjög þekkt í dag er það með þekktari hljóðfærum frá fyrri tíma. „Það er rétt,“ segir Örn og bendir á að íslenska langspilið er samtvinnað baðstofumenningu gamla bændasamfélagsins. En þegar torfhúsum tók að fækka og lífhættir breyttust hafi áhugi fólks á hljóðfærinu farið að dvína. „Blómaskeiði langspilsins lauk upp úr miðri 19. öld þegar nútímalegri hljóðfæri eins og harmóníum og harmónikkur urðu algengari almenningseign. Í byrjun 20. aldar tilheyrði langspilið að mestu liðnum tímum.“ Örn segir að ekki séu margar heimildir til um langspilið og langspilsleik en þó séu nokkrar gamlar heimildir þar sem finna megi forvitnilegar lýsingar á fyrirbærinu. Ein þeirra er ritgerð eftir Ara Sæmundsen nítjándualdarmann sem heitir „Leiðarvísir til að spila á langspil og til að læra sálmalög eptir nótum.“ Þar var að finna leiðbeiningar um smíði hljóðfærisins, spilamáta og undirstöðuþekkingu í tónfræði. Af umfjöllun í Norðanfara frá 1877 virðist sem að leiðarvísi Ara hafi verið vel tekið og að hann hafi verið hið prýðilegasta hjálpartæki við að læra hin nýju sálmalög. Þó svo að gamaldags hljóðfæri hafi ekki átt upp á pallborðið hjá sigldum menntamönnum voru aðrir sem sáu sig knúna til að finna þeim nýtt notagildi í breyttu tónlistarumhverfi. Einn þeirra nútímamanna sem rannsakað hafa langspilið er Eyjólfur Eyjólfsson óperusöngvari sem tók það fyrir í meistaraverkefninu sínu í Þjóðfræði í Háskóla Íslands. Hann lagði síðan fram hugmynd að langspil yrðu notuð í grunnskólakennslu, börn læri að smíða og spila á þau og væri það aðferð að sameina nokkrar kennslugreinar. Eyjólfur kynnti þessa hugmynd fyrir Guðlaugu Hartmannsdóttur í Flóaskóla og nú hafa grunnskólakrakkar smíðað nokkuð mörg langspil. Framtak hans hefur vakið áhuga á þessu aldna hljóðfæri.

Spilmenn Ríkínís verða til

Svo verða Spilmenn Ríkínís til. „Já, Spilmenn Ríkínís verða nánast til heima í stofu. Nafnið Ríkínís er komið frá frönskum múnki að nafni Richini sem kom hingað til lands á vegum Ögmundar biskups á 12. öld. Hann kenndi söngfræði og söng á Hólum í Hjaltadal og eru það taldar elstu heimildir um söngkennslu hér á landi. Okkur fannst tilvalið að endurvekja nafn hans með tónlistinni. Krakkarnir okkar þau Ásta Sigríður og Halldór erfðu bæði tónlistaráhugann frá foreldrum sínum. Þau voru farin að spila á hljóðfæri og þessi áhugi okkar á eldri og þjóðlegri tónlist smitaðist til þeirra. Við fórum að spila og syngja saman. Ég get nefnt sem dæmi lag sem við fengum úr þjóðlagasafni séra

Örn Magnússon og Marta G. Halldórsdóttir leika á langspil. Að baki er semball sem er í eigu þeirra.

Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Lag sem er einnig til í Melodiu í íslensku handriti frá sautjándu öld og hefur að geyma nótur að 223 lögum. Mörg þessara laga eiga sér erlendar fyrirmyndir sem sýnir að alþjóðlegir straumar hafa leikið um tónlistarmenningu hér á landi á sautjándu öld. Það er misskilningur sem stundum hefur heyrst að hér hafi engin tónlist verið til fyrr en á 19 og jafnvel 20. öld. Spilmenn Ríkínís hefur einbeitt sér að tónlist fyrri tíma og þau leika á hljóðfæri sem vitað er að hafi verið notuð á Íslandi fyrr á öldum. Má þar nefna langspil og symphon sem getið er um víða í heimildum, þeirri elstu frá 13. öld og einnig hörpur og gígjur sem leikið var á fram að siðbótartímanum. Spilmenn Ríkínís hafa komið fram á tónleikum og einnig gefið tónlist út á hljómdiskum. „Á Gullhettu sem er ein af útgáfum okkar má finna tónlist og skáldskap sem tengist vorkomu og sumartíð og þeim létti sem við öll finnum fyrir í brjóstinu þegar vetur er á enda, lífið kviknar í moldinni og náttúran vaknar hið innra og hið ytra. Það er ekki óeðlilegt að í landi sem oft er barið af myrkri og illveðrum hafi sumarkoman boðað létti.“

Vesturbærinn er frábær bæjarhluti

Þið eruð búin að vera lengi í Vesturbænum. Var tilviljun að þið völduð að búa í vestrinu. „Við höfum verið hér allt frá 1992. Þá keyptum við Sörlaskjólið. Það var ekki tilviljun sem réð því þetta er eins konar ættarhús í fjölskyldu Mörtu. Hildigunnur Halldórsdóttir amma hennar átti þetta hús áður en það komst í okkar eigu. Ég hafði verið búinn að ganga fram hjá því mörgum sinnum. Ég hugsaði að þar gæti ég vel hugsað mér að eiga heima. Bróðir minn býr á Seltjarnarnesi og ég labbaði stundum út á Nes eins og það er kallað og þá lá gönguleiðin þar um. Við erum búinn að vera mjög ánægð með þessa staðsetningu. Vesturbærinn er frábær bæjarhluti. Nágrannar þekkjast og tengjast. Eiga meira að segja með sér golffélag. Við Vesturbæingar eigum okkar miðbæ eða kjarna. Hann er við Hofsvallagötuna og Hagamelinn. Melabúðin er samkomustaður margra. Hverfisbúð sem hefur staðið af sér alla stórmarkaðsstrauma í áranna rás. Vesturbæjarlaugin er líka góður viðkomustaður. Svo kom Kaffi Vest. Notalegt kaffihús þar sem gott er að tilla sér. Oft hittir maður einhverja ef maður kemur og skemmtilegar umræður geta spunnist þar við langborðið. Vestar við Hagamelinn er svo þjónustumiðstöð með nokkrum verslunum. Við höfum allt sem við þurfum í þessum bæjarhluta og svo erum við nánast í göngufæri bæði við háskólasvæðið og Miðborgina.“

Vildi skila einhverju til Ólafsfjarðar

Áður en við skiljum við Örn er rétt að minnast á menningarfyrirbæri sem þau hjónin hafa staðið fyrir. Berjadaga í Ólafsfirði. Toguðu heimkynnin þar í Vesturbæinginn og heimsmanninn Örn Magnússon. „Eigum við ekki að segja að Ólafsfirðingurinn hafi togaði í. Mér fannst að ég yrði að skila einhverju til baka til byggðarlagsins sem ól mig upp. Því kom upp hugmynd um að efna til þriggja daga tónlistarhátíðar blandaða af kammermúsík og öðrum listviðburðum. Við stóðum fyrir þessu í áratug en nú hafa aðrir tekið við og þessi hátíð blómstrar í dag.“

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | **www.buumvel.is**

Fær MR afnot af Austurstræti 17?

Austurstræti 17 er fyrir miðri mynd.

Hugmyndir eru um að Menntaskólinn í Reykjavík fái afnot af efri hæðum í Austurstræti 17 þar sem Silli & Valdi versluðu áður fyrr. Síðar var verslunin Víðir þar og er og nú 10-11 verslun á jarðhæðinni. Gert er ráð fyrir að um tímabundin afnot verði að ræða.

Þetta kemur fram í fyrirspurn Laufeyjar Agnarsdóttir arkitekt hjá Teiknistofunni Tröð til skipulagsyfirvalda í Reykjavík. Fyrirspurn Laufeyjar Agnarsdóttur frá 30. nóvember 2021 um breytingu á notkun efri hæða hússins á lóð nr. 17 við Austurstræti úr skrifstofum í bráðabirgðahúsnæði fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Vesturbærinn

Áhersla á nýbyggingar á næstu árum

Séð yfir Vesturbæ Reykjavíkur.

Miðborgin, gamla höfnin og Vatnsmýri eru á meðal þeirra hverfa þar sem áhersla verður lögð á nýbyggingar á næstu árum. Þetta kemur fram í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar þar sem sett er fram stefna um þróun borgarinnar til ársins 2040. Ekki er að finna gagngerar breytingar í skipulaginu, heldur í raun uppfærslu á því skipulagi sem samþykkt var árið 2014.

Engin ný hverfi verða byggð heldur verður öll íbúðauppbygging innan eldri byggðar, mest á þeim svæðum þar sem ný borgarlína er fyrirhuguð. Þrjú svæði í Vesturbænum gegna lykilhlutverki og loks Ártúnshöfði og Elliðaárvogur. Íbúðum mun fjölga mest á miðju höfuðborgarsvæðinu, um fjögur þúsund í Vatnsmýri, á þriðja þúsund á Hlíðarenda, Laugardal og Fossvogi, mest í nýja hverfi í Elliðaárvogi eða um tæplega sjö þúsund og á bilinu átta hundruð til fimmtán hundruð í austari byggðum. Mesta þróunin verður því á svokölluðum þróunarás frá Keldum vestur í Örfirisey og frá miðborginni um Vatnsmýri og yfir á Kársnes.

Uppbygging í Vatnsmýri er þó sett fram með þeim fyrirvara að flugvöllurinn víki og starfsemi hans færist í Hvassahraun, en gert er ráð fyrir að starfsemi í Vatnsmýri leggist af árið 2032.

Perlufestin

Fræðslu og heilsubótarstígur í Öskjuhlíð

Á myndinni má sjá fyrirhugaða lögun Perlufestarinnar umhverfis Perluna í Öskjuhlíð.

Perlufestin er heiti á göngustíg sem leggja á ofarlega í Öskjuhlíð og er hugsuð sem lárétt upplifunar-, fræðslu-og heilsubótarhringleið auðþekkt frá öðrum stígum. Heitið Perlufestin kemur til vegna þess að hann verður þráður sem bindur saman allar perlurnar á leiðinni, en þær geta verið: staðir með fróðleik um stríðsminjar, gróðurfar, jarðfræði, sögu grjótnáms eða hitaveitu. Perlurnar geta líka verið lítil rjóður með leikaðstöðu, dvalarsvæðum eða æfingatækjum. Einnig góðir útsýnisstaðir yfir borgina og fjallahringinn. Stígurinn verður hannaður og framkvæmdur af miklum metnaði með það markmið að hann verði aðdráttarafl í sjálfu sér. Stígurinn verður lýstur með hófsamri lýsingu sem fyrst og fremst lýsir á stíginn sjálfan.

Hugmyndin um Perlufestina kom fyrst fram í vinningstillögu Landslags í hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar árið 2013. Megininntak tillögunnar var að bæta aðgengi að Öskjuhlíð og Perlunni með tengingum við ytra umhverfi. Með stígnum mætti tengja allar hliðar Öskjuhlíðar saman með láréttum upplifunarhring hringinn í kringum Perluna ofarlega í Öskjuhlíð og auka þannig útivistarmöguleika allra í vaxandi skógi. Útsýnis- og áningarstaðir verði á láréttum upplifunarstíg í kringum háhæðina og að snjóbrædd hringleið verði í suðvesturhluta. Gert er ráð fyrir að nýta afturkræf og endurnýtanleg efni við byggingu stígsins sem unnin verða úr því efni sem fyrir er á staðnum. Perlufestin er næsta verkefni í Öskjuhlíð. Hún er hugsuð sem tæplega 1,5 km langur lýðheilsu- og upplifunarstígur. Áætlað er að framkvæmdir við fyrsta áfanga hefjist 2022 og gert ráð fyrir að vinna verkefnið á næstu þremur til fjórum árum. Stígurinn var kynntur í umhverfis- og heilbrigðisráði fyrir skömmu sem upplifunar-, fræðslu og heilsubótarstígur.

Rússarnir vilja safnaðarheimili

Safnaðarheimlið á að tengjast kirkjunni með neðanjarðargöngum.

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan hefur sótt um leyfi til að byggja safnaðarheimili á tveimur hæðum auk kjallara á lóð á milli Nýlendugötu og Mýrargötu í Vesturbæ Reykjavíkur.

Sem kunnugt er hyggst Rússneska rétttrúnaðarkirkjan reisa kirkju í Vesturbænum en til þessa hafa höfuðstöðvar Rússana verið í gömlu timburhúsi á Öldugötu 44. Nú hefur kirkjan bætt við nýrri umsókn og vill bæta safnaðarheimili við byggingu kirkjunnar.

Zonnic
NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Niconovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

Mygla í Skála

Öll kennsla Vesturborgar í aðalbyggingunni

Börn að leik í Vesturborg.

Öll kennsla leikskólans Vesturborgar verður tímabundið í aðalbyggingu frá og með deginum í dag eftir að mygla greindist í Skála, elsta hluta skólans. Brugðist hefur verið við því þegar niðurstöður úr sýnatökum bárust.

Skáli er elsta bygging skólans og sá hluti þar sem mygla greindist er að hluta til niðurgrafinn. Brugðist var hratt við fréttunum um myglu og er því enn óljóst hvert umfang framkvæmda verður en búast má við að byrjað verði að grafa frá veggjum síðdegis í dag. Húsgögn, leikföng, bækur og aðrir munir sem flytjast með börnunum hafa verið hreinsuð með sérstökum hætti.

Starfsfólk og foreldrar hafa verið upplýst um stöðu mála og samhugur ríkir í starfsmannahópnum um að leita leiða til að rask á skólastarfi verði sem minnst. og að allir sem koma að málinu séu sammála um það.

Gerbreytt KR svæði

Þannig mun KR svæðið líta út að framkvæmdum loknum samkvæmt tillögu að deiliskipulagi sem samþykkt hefur verið og fer nú til kynningar.

Nýtt fjölnota íþróttahús mun rísa á KR svæðinu með gervigraslögðum fótboltavelli samkvæmt nýsamþykktri tillögu að deiliskipulagi. Aðalkeppnisvellinum verður snúið um 90 gráður og áhorfendastúku fyrir um 3.500 manns komið fyrir. KR-völlurinn tekur nú við um 2.700 áhorfendum.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti í vikunni að auglýsa tillögu um endurskoðað deiliskipulag, þar sem gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu. Fjölbýlishús verða byggð við Kaplaskjólsveg og Flyðrugranda en þar er gert ráð fyrir um 100 íbúðum. Deiliskipulagið verður auglýst á næstu vikum og gefst almenningi þá færi á að koma á framfæri athugasemdum áður en skipulagið verður endanlega afgreitt úr borgarkerfinu. KR-ingar hafa lengi kallað eftir aðkomu borgarinnar að uppbyggingu á svæðinu. Samkvæmt framkvæmdaáætlun á fyrst að hefjast handa við íþróttahúsið og gæti sú vinna hafist þegar á næsta ári.

Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

Ingólfur Geir Gissurarson, Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðlari, 896 5222, ingolfur@valholl.is
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356, heidar@valholl.is
Hildur Harðardóttir, Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð, 897 1339, hildur@valholl.is
Snorri Snorrason, Löggiltur fasteignasali, 895 2115, snorri@valholl.is
Hólmfríður Björgvinsdóttir, Ritari, 588 4477, ritari@valholl.is

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is

Hrafnhildur B. Baldursdóttir, Löggiltur fasteignasali, BA í stjórnmálafræði, 862 1110, hrafnhildur@valholl.is
Pétur Steinar Jóhannsson, Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi, 893 4718, petur@valholl.is
Anna F. Gunnarsdóttir, Löggiltur fasteignasali, Lista og innanhús Stílisti, 892 8778, anna@valholl.is
Sturla Pétursson, Löggiltur fasteignasali, 899 9083, sturla@valholl.is
Elín Viðarsdóttir, Löggiltur fasteignasali, 695 8905, elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Háskóli Íslands tekur við Bændahöllinni

- nafnið Saga álitlegt fyrir húsið

Að undanförnu hefur verið unnið við að rýma húsakynni Hótels Sögu við Hagatorg í Reykjavík. Félagsstofnun stúdenta og ríkið hafa undirritað samning við Bændahöllina ehf., félags í eigu Bændasamtaka Íslands, um kaup á Bændahöllinni, þar sem Hótel Saga var rekin undanfarna áratugi. Rekstri þar var hins vegar hætt í nóvember 2020, en samningaviðræður um sölu á fasteigninni hafa staðið yfir lengi.

Áætlað er að Háskóli Íslands fái um 70% af húsnæðinu undir starfsemi menntavísindasviðs og Félagsstofnun stúdenta 30% undir stútendaíbúðir. Áætlaður heildarkostnaður í kaupverði og endurbótum á hlut HÍ er um 6,5 milljarðar, en á móti kemur mögulegt söluverð af húsnæði skólans í Stakkahlíð, sem er gamli Kennaraskólinn, og húsnæði við Skipholt þar sem deildin er nú staðsett. Í fjáraukalögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok síðasta árs var fjármálaráðherra heimilað að kaupa eignina undir starfsemi háskólans, en samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Bændahöllin á Melunum. Vonandi fær nafnið Saga að festast við húsið.

Íbúðir í upphafi þarnæsta árs

Gert er fyrir að ráðast þurfi í talsverðar viðgerðir og breytingar á byggingunni. Félagsstofnun stúdenta muni fá húsnæðið afhent í áföngum á næstu vikum og mánuðum og verði þá ráðist í ástandsskoðun en vonast er til að hægt verði að taka íbúðirnar í notkun í upphafi þarnæsta árs. Félagsstofnun stúdenta mun fá fjórðu til sjöundu hæð norðurálmu Hótels Sögu í sinn hlut. Þá hefur Félagsstofnunin óskað eftir að fá að stunda veitingarekstur á fyrstu hæð hótelsins þar sem hefur verið rekið veitingahús.

Flutningar áfram næstu mánuði

Samkvæmt afhendingaráætlun milli Bændasamtakanna og kaupenda er gert ráð fyrir að hluti hússins og ytra birgði hafi veriðafhent 10. janúar. Næstu vikur og mánuði verða svo aðrir hluta hússins afhendir, en gefa þarf fyrri eigendunum svigrúm til að losa húsið.

Nafnið Saga

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtt nafn á Bændahöllina. Hefð er fyrir því að byggingar Háskóla Íslands fái sérstök nöfn. Þannig bera nokkrar byggingar nöfnin; Eirberg, Lögberg, Gróska, Gimli, Askja, Oddi og Veröld. Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands segir að nafnið Saga komi fljótt í hugann enda um fallegt nafn að ræða.

Átak til að fjölga starfsfólki í leikskólum

Ráðast á í fjölþætt átak til að fjölga starfsfólki í leikskólum. Reykjavíkurborg fylgir eftir átaki um fjölgun leikskólaplássa með fjölþættum stuðningi við leikskólastjórendur varðandi ráðningar- og mannauðsmál. Gert er ráð fyrir að starfsfólki á leikskólum fjölgi um 70 til 90 starfsmenn á ári að meðaltali.

Leikið á Grænuborg einum af leikskólum Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdir við stækkanir og nýbyggingar á leikskólastigi ganga vel en staða ráðninga hefur áhrif á tímasetningar varðandi inntöku barna. Borgarráð samþykkti á dögunum að leggja um 20 milljónir króna til að styðja við ráðningar- og mannauðsmál. Þar munar mestu um aukinn stuðning mannauðsráðgjafa sem munu einbeita sér að stuðningi við stjórnendur leikskóla í ráðningarmálum. Annars vegar á að vekja athygli á störfunum og laða að fleiri umsækjendur. Hins vegar að hlúa að starfsumhverfinu og draga þannig úr starfsmannaveltu.

VANDAÐU VALIÐ

Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru eins hrein, lífræn og náttúrleg og mögulegt er að framleiða.

Án fylliefna, aukaefna, “nastís” og pálmaolíu.

20% AFSLÁTTUR TIL 10. FEBRÚAR

TRYGGÐU GRUNNINN

Fjölvítamín, omega 3 og meltingargerlar

STYRKTU ÓNÆMISKERFIÐ

D vítamín, C vítamín, sink og D & K og C & sink

NÆRÐU TAUGAKERFIÐ

B-vítamín, saffran, L-theanine og lemon balm.

Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hagaskóli

Kennt í Súlnasalnum og í Ármúla

Áttundu bekkingum Hagaskóla hefur verið komið fyrir í Bændahöllinni sem áður var Hótel Saga. Þeir sitja nú við skólaborð í salnum þar sem eitt sinn voru haldnar veislur og stiginn dans um helgar. Níundu bekkingum sama skóla hefur verið útvegað húsnæði við Ármúla og eru fluttir með rútu úr Vesturbænum. Tíunda bekkingar eru í yngstu álmu Hagaskóla og geta verið í skólanum sínum að minnsta kosti enn sem komið er.

Nemendur áttunda bekkja Hagaskóla við skólaborð í Súlnasalnum.

Ástæða þessa er mygla sem fundist hefur í byggingu Hagaskóla. Þegar hefur verið ráðist í vinnu við viðgerðir til að uppræta mygluna og á meðal annars á að klæða allan skólann að utan næsta sumar. Grunur vaknaði í lok október að allt væri ekki með felldu í norðaustur álmu skólans. Verkfræðistofan Efla var fengin til að kanna málið og hefur skilað frumniðurstöðu. Í tölvupósti frá aðstoðarskólastjóra Hagaskóla til aðstandenda barna í skólanum kemur fram að í ljós hafi komið við rannsóknina að mygla hafi fundist í múr þar sem leki varð í stofu 8. bekkjar. Ljóst er að skólahald mun halda áfram af fullum krafti þrátt fyrir þennan vanda og ef til vill hafa ungmennin bara gaman af tilbreytingunni.

Getur Isavia stöðvað framkvæmdir í Skerjafirði?

Hugmyndir eru um hvort Isavia geti neitað að afhenda Reykjavíkurborg svæði í Skerjafirði á komandi vori vegna byggingar nýs íbúðahverfis þar án frekari rannsókna. Ástæðan er sú að húsbyggingar þar eru talin geta haft áhrif á rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar. Talið er að húsbyggingar á Hlíðarenda hafi haft áhrif á flugsamgöngur þótt þær séu ekki taldar verulegar.

Eins og sjá má á myndinni liggur hin fyrirhugaða byggð nálægt norður-suðurbraut Reykjavíkurflugvallar.

Til að byggja megi á svæði þar sem Reykjavíkurborg er búin að skipuleggja hverfi fyrir átta hundruð íbúðir þarf að færa girðinguna umhverfis flugvöllinn. Samningur samgönguráðherra og borgarstjóra í nóvember 2019 gæti hins vegar hafa fært Isavia neitunarvald gagnvart því að girðingin verði færð. Þá vakna hins vegar spurningar um hvort Isavia geti neitað að færa og þá þurfi að framkvæma ítarlegar rannsóknir á afleiðingum þess.

SELTJÖRN

SUMARAFLEYSINGAR

Hjúkrunarheimilið Seltjörn, Safnartröð 1, Seltjarnarnesi óskar eftir starfsmönnum til sumarafleysinga í sumar. Um er að ræða vaktavinna. Í boði eru morgun- kvöld og næturvaktir.

Leitað er eftir starfsfólki í störf hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og umönnun. Hjúkrunar-og læknanemar eru hvattir til að sækja um. Um er að ræða vaktavinna, allt að 100%. Í boði eru morgun- kvöld og næturvaktir.

Sótt er um á heimasíðu vigdísarholt.is

Kosningaspjall 1

Dagur áfram – hvað gerir Hildur

Ákvörðun Dags B. Eggertssonar borgarstjóra að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa og forystu í borgarstjórn Reykjavíkur kemur ekki á óvart. Með útgáfu bókar sinnar Hin nýja Reykjavík lagði hann fram verk sín og samstarfsfólks til málefna Reykjavíkurborgar. Útkoma bókarinnar er sterkt innlegg og þrauthugsuð þótt hann hafi haldið þeim möguleika opnum að draga sig í hlé fram undir síðasta dag.

Framboð Dags leggur ákveðna línu í borgarmálunum. Hann er nánast óumdeildur leiðtogi í eigin hópi og þeim meirihluta sem stýrt hefur borginni undanfarin átta ár og á sér rætur nær 12 ár aftur í tímann. Brotthvarf Dags hefði haft miklar breytingar í för með sér. Jafnvel kollsteypu. Samfylkingin hefði orðið að finna sér nýjan leiðtoga sem óvíst er að samstaða hefði orðið um. Flokkurinn hefur skilað meiru í borgarstjórnarkosningum en kosningum til Alþingis. Þótt prófkjör verði haldið verður að teljast ólíklegt að umtalsverðar breytingar verði á framboðslista fokksins þar sem kunnugleg andlit úr borgarmálunum, sem fylgt hafa Degi hyggja á áframhaldandi setu í borgarstjórn. Þar má nefna Heiðu Björg Hilmisdóttur, Skúla Helgason, Hjálmar Sveinsson og Sabinu Leskopf.

Tekist verður á um völd og verkefni í þessu húsi á komandi vori.

Hildur breytir ýmsu

Ákvörðun Hildar Björnsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gefa kost á sér í oddvitasæti getur breytt ýmsu. Hún hefur gengið nokkuð aðra götu í borgarmálum en samstarfsfólk hennar. Götu hinnar nýju Reykjavíkur á meðan aðrir borgarfulltrúar hafa fremur horft um öxl. Má þar nefna mál á borð við þéttingu byggðar og breytta samgöngumáta. Mál sem aðrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa verið nokkuð andsnúnir. Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var borgarfulltrúum flokksins steypt af stóli. Nýr borgarstjórnarflokkur var myndaður undir forystu Eyþórs Arnalds. Hildur var þar á meðal og fór fljótt að láta til sín taka. Eyþór hefur ákveðið að hverfa frá borgarmálum. Enn er óvíst hvort hún fái mótframboð í oddvitasæti flokksins. Þó svo að verði má telja líklegt að hún muni hljóta örugga kosningu í prófkjöri. Fari svo að Hildur leiði borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins aukast líkur á að flokkurinn geti tekið þátt í meirihlutastarfi með öðrum flokkum. Nokkuð sem hann var útilokaður frá eftir síðustu kosningar.

Þórdís Lóa, Pavel og Dóra Björt

Allt útlit er fyrir að Viðreisn bjóði sömu andlit fram. Þau Þórdísi Lóu og Pavel Bartoszek. Verði prófkjör í Viðreisn mun það fremur snúast um sæti neðar á framboðslistanum þótt það gæti hugsanlega víxlað þeim í efstu sætunum. Píratar eru í startholum en hafa ekki enn lagt fram hugmyndir um framboðslista. Líklegt má telja að Dóra Björt Guðjónsdóttir og Alexandra Briem verði þar í fyrirrúmi þótt fleiri geti komið til greina. Enn liggur ekki fyrir hvort breytinga er að vænta hjá Vinstri grænum. Líf Magneudóttir hyggist halda áfram og Elín Oddný Sigurðardóttir, varaborgarfulltrú hefur boðað að hún sækist einnig eftir fyrsta sætinu.

Hvað gerir Gunnar Smári

Flokkur fólksins hefur verið nokkuð áberandi í borgarmálunum og hefur Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi verið iðin við að leggja til ýmis mál. Einkum er varðar börn og uppeldi. Flokkur fólksins fór í uppsveiflu í síðustu Alþingiskosningum og líklegt verður að telja að flokkurinn reyni að nýta sér hana í komandi borgarstjórnarkosningum. Erfitt er að sjá fyrir hvaða hvaða framtíð Sósíalistaflokkurinn á í borgarmálum. Borgarfulltrúi hans Magdalena Sanna Mörtudóttir hefur siglt fremur lygnan sjó á kjörtímabilinu og fylgi flokksins hrundi skyndilega í nýlega liðnum Alþingiskosningum. Spurning er um hvort Gunnar Smári Egilsson foringi Sósíalista hyggi á landvinninga í borgarstjórnarkosningunum og einnig hverjum kunni að verða beitt fyrir vagninn á þeim bæ.

Framsókn undir feldi

Miðflokkurinn galt afhroð í þingkosningunum í haust. Framtíð hans er óljós. Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi hefur talað mjög digurbarkalega á kjörtímabilinu. Spurning er um hvort það fleyti henni áfram gefi hún kost á sér eða hvort nýir frambjóðendur kunni að líta dagsins ljós. Framsóknarflokkurinn hefur oft átt erfitt í borgarmálum og átti engan borgarfulltrúi á liðnu kjörtímabili eftir að konur sem studdu hann undir nafni Flugvallarvina yfirgáfu flokkinn. Lá við að Framsókn nennti varla að bjóða fram. Ekkert bar á flokknum eða frambjóðendum hans í aðdraganda kosninganna og fékk hann aðeins um 3,2 prósent atkvæða. Flokkurinn fór í uppsveiflu í Alþingiskosningunum í haust. Náði meðal annars til baka mestu af því fylgi sem hrotið hafði til Miðflokksins á sínum tíma. Ekkert hefur enn heyrst af borgarmálun flokksins. Í ljósi góðs gengis í Alþingiskosningum má þó ætla að leit muni hefjast að öflugum og helst þekktum aðila til að leiða borgarstjórnarframboð. Hvað með Þorvald Daníelsson hjólakappa. Öflugan mann sem þekktur er fyrir að stýra uppbyggingarstarfi. Hann ætti nokkuð öruggan sigur vísan gæfi hann kost á sér. Menn liggja eflaust undir feldi á Hverfisgötunni þessa dagana.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
1717

- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Tilraunir með litun í Vesturbæjaskóla

Hér má sjá árangur krakkanna í Vesturbæjarskóla.

Börnin á miðstigi í Vesturbæjarskola hafa verið að gera ýmsar tilraunir með litun og textíl hjá Lindu Húmdísi að undanförnu.

Sólarlitun í 5. bekk. Leikur að ljósi og skugga með því að nota þurrkuð laufblöð og gróft salt og Notaður þar til gerður „framköllunar-litur“.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Jöfnuður mikilvægari en nokkru sinni!

Við lifum á ótrúlegum tímum. COVID heimsfaraldurinn hefur valdið verulegri röskun á daglegu lífi okkar allra, hraðpróf og smitgát, grímur og spritt lita veruleika okkar sterkum litum þessi misserin og áhrifin á skóla- og frístundastarf eru mikil og hafa aukist til muna eftir áramót þegar fjöldi smita í skólasamfélaginu tífaldaðist á örfáum dögum. Skólastjórnendur og starfsfólk þarf nú að eyða stórum hluta af löngum vinnutíma sínum í smitrakningar ofan á hefðbundnar starfsskyldur og þúsundir barna hafa verið fjarverandi vegna faraldursins.

Starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfsins hefur unnið magnað þrekvirki við krefjandi aðstæður og á mikið hrós skilið og þakkir fyrir að standa vaktina af stakri snilld. Þetta magnaða framlínustarfsfólk hefur skipt sköpum við að halda skólum opnum ólíkt því sem víða hefur verið í löndunum í kringum okkur.

Verjum börn í viðkvæmri stöðu

Ég er jafnaðarmaður af lífi og sál og við núverandi aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni að standa vörð um jöfnuð í menntakerfinu, ekki síst með því að verja börn í viðkvæmri stöðu gagnvart neikvæðum áhrifum faraldursins. Við sjáum að faraldurinn hefur víða aukið á kvíða, þunglyndi meðal barna og sérstaklega ungmenna og það kallar á aukinn viðbúnað af okkar hálfu. Við þurfum að muna að til að börnum gangi vel í námi þarf þeim að líða vel og verkefnið er því ekki síst að taka þétt utan um börnin og tryggja að þau fái þann stuðning sem þau þurfa.

Meiri áherslu á geðrækt

Á næsta kjörtímabili vil ég beita mér sérstaklega fyrir aukinni áherslu á geðrækt í skólum og andlegt heilbrigði og hafa forystu um aðgerðir í þeim efnum með formlegu samstarfi fagsviða borgarinnar sem tengjast málefnum barna. Í nýrri menntastefnu Reykjavíkur er áhersla lögð á heilbrigði sem einn fimm grundvallarþátta sem eru í forgrunni. Við höfum nýlega samþykkt áætlun um almennar aðgerðir menntastefnunnar fyrir næstu þrjú ár og þar leggjum við sérstaka áherslu á geðrækt og andlegt heilbrigði.

Betri borg fyrir börn

Eitt það mikilvægasta sem gerst hefur í borginni undanfarin ár er sögulegt samstarf milli tveggja stærstu fagsviðanna: skóla og frístundasviðs og velferðarsviðs undir merkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn. Verkefnið felst í því að starfsfólk þessara sviða vinnur þétt saman innan þjónustumiðstöðva hverfanna að því að aðstoða stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í viðkomandi hverfi við að finna og styðja þau börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Með þessu leggjum við traustan grunn að markvissari og betri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Íslenskuver í alla borgarhluta

Eitt mikilvægasta verkefnið til að auka jöfnuð í menntakerfinu er að styðja vel og betur við bakið á börnum með annað móðurmál en íslensku ekki síst þau sem koma ný inn í skólasamfélagið. Við höfum aukið til muna fjármagn til þess málaflokks á undanförnum árum og erum að innleiða nýtt úrræði sem kallast íslenskuver. Markviss móttaka barna sem flytja til borgarinnar erlendis frá getur skipt sköpum um að þau nái að blómstra í okkar skólakerfi. Þess vegna höfum við stigið nýtt skref á þessu skólaári með því að stofna íslenskuver í tveimur borgarhlutum þar sem þessi börn fá mikla og markvissa íslenskukennslu fyrstu mánuðina eftir flutning til borgarinnar. Á þessu ári munum við bæta við tveimur íslenskuverum til viðbótar og verða þau þá staðsett í öllum borgarhlutum.

Skúli Helgason.

Árangur síðustu ára í Reykjavík

Fjölmiðlar segja fréttir af átakamálum í borgarstjórn frekar en árangri sem næst í friði og ró en sem betur fer eru fjölmörg dæmi um mál sem afgreidd eru í mikilli samstöðu þvert á flokka. Þegar kemur að menntun og jöfnuði hefur náðst árangur í borgarpólitíkinni síðustu árin sem er miklu þýðingarmeiri fyrir framtíðina í Reykjavík en mörg þau mál sem hæst ber í fjölmiðlaumræðunni.

Sem dæmi var í fyrsta sinn samþykkt og innleidd heildstæð menntastefna fyrir Reykjavík á þessu kjörtímabili eftir víðtæka þátttöku nemenda, kennara, skólastjórnenda og innlendra og erlendra fræðimanna. Afraksturinn er metnaðarfull stefna sem hefur notið mikils stuðnings í skólasamfélaginu og vakið athygli víða og leggur áherslu á fimm hæfniþætti sem við viljum styrkja hjá öllum börnum: félagsfærni, sjálfseflingu, heilbrigði, sköpun og læsi. Þessum breytingum hefur verið fylgt eftir af krafti og með stórauknu fjármagni til nýsköpunar- og þróunarstarfs í skólum. Og þar er brýnt að halda áfram á sömu braut.

Bættar starfsaðstæður

Annað forgangsmál hefur tengst vinnuumhverfi starfsfólks og barna og hefur ríflega fimm milljörðum króna verið varið á liðnu kjörtímabili til að bæta starfsaðstæður í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Nú um áramótin bætist við árleg aukning upp á 1,5 milljarð í fjárframlög til grunnskóla, sem tryggir fjárhag þeirra og gerir kleift að taka meira mið af félagslegum aðstæðum barna í hverju skólahverfi.

Allt eru þetta skref í rétta átt sem miklu skipta og eru í anda jafnaðarstefnu.

Stóra verkefnið verður áfram að jafna aðstöðumun barna og lyfta þeim sem standa höllum fæti í menntakerfinu enn betur svo þau geti látið drauma sína rætast.

Skúli Helgason, borgarfulltrúi og frambjóðandi í 3. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION · 3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Samfélagshúsið Aflagranda 40

- rólegheit og slökun einkenna þennan fyrsta mánuð

Tréskurður og tálgun eru á meðal fjölbreyttar starfsemi á Aflagranda 40.

Árið fer rólega af stað hjá okkur á Aflagranda. Nú leggjum við ríka áherslu á að njóta góðra samverustunda saman og rólegheit og slökun er nú kannski það sem einkennir þennan fyrsta mánuð ársins. En með betri tíð koma betri tímar og erum við spennt fyrir öllum þeim skemmtilegu viðburðum og námskeiðum sem verða á árinu.

Yoga fer aftur af stað eftir langa covid hvíld og erum við bæði með yoga fyrir yngra fólk og einnig fyrir 60+ þar sem hægt er að vera á stól ef það hentar betur. Við hvetjum Vesturbæinga sem komnir eru yfir sextugt að kíkja á okkur í KR. Þar erum við með öfluga tíma alla föstudaga kl. 10:30. Þetta eru hörku tímar þar sem allir geta fengið góða hreyfingu eftir sinni hreyfigetu.

Í Samfélagshúsi okkar Vesturbæinga er fjölbreytt starf í boði og hvetjum við ykkur til að hafa samband eða koma við til að bæði kynna ykkur starfið en einnig ef þið eruð með hugmyndir að starfi sem vantar húsnæði. Hjá okkur er hægt að fá húsnæði fyrir hina ýmsu viðburði, hvort sem það er stakur viðburður eða námskeið.

Samstarf okkar við leik- og grunnskóla í hverfinu hefur verið einstaklega skemmtilegt og gefandi á árinu sem var að líða og stefnum við á áframhaldandi samstarf þar. Hefur það verið ánægjulegt að sjá kynslóðirnar blandast saman.

Í alvöru, hver vill strá aukaefnum út á matinn sinn?

Jóhanna Kristjánsdóttir ásamt systur sinni Guðrúnu Kristjánsdóttur.

Jóhanna Kristjánsdóttir eigandi heilsuhofsins Systrasamlagsins á Óðinsgötu er mikill reynslubolti þegar það kemur að heilsumálum. Hún stofnaði ásamt systur sinni, Systrasamlagið fyrir 8 árum, sem hún segir hafa verið mikið mikla ævintýraför. Áður hafði Jóhanna unnið í Heilsuhúsinu, svo reynslan í heilsubransanum er nú talin í meiri en 3 áratugum.

Hvað myndir ráðleggja fólki í upphafi árs?

"Að tryggja grunnþörfina, " svarar Jóhanna að bragði. "Það er nauðsynlegt að taka inn gott fjölvítamín með góðum B-vítamínum, D- vítamín, góðar Omega fitusýrur (hvort sem er fiskiolía eða jurtaolía) og svo góða góðgerla fyrir meltinguna því þar liggur svo stór hluti ónæmiskerfisins. Ef grunnnæringin er í lagi á líkaminn svo miklu auðveldara með að heila sig sjálfur.

En þetta er allt einstaklingsbundið. Við erum með mismunandi þarfir. Þess vegna er svo gott að geta leitað sér gagnlegra upplýsinga sem t.d. hægt að gera í Systrasamlaginu.

Þú minnist á mikilvægi ónæmiskerfis?

"Burtséð frá því að verjast vírusum og bakteríum erum við búin að vera spritta okkur í 2 ár sem hefur sjálfsagt raskað flóru flestra og þannig næringarupptöku um leið. Nú þurfum við að næra okkur extra vel og hafa næringuna fjölbreytta. Í því tilliti skiptir máli að velja bætiefnin vel," bætir Jóhanna við. " Þau ættu að vera án allra fylliefna og aukaefna. Nóg er álagið á líkamann fyrir, svo hann þurfi ekki að vinna úr aukaefnunum líka," segir Jóhanna og upplýsir um það sem skiptir máli:

"Vítamín og bætiefnaheimurinn er æði misjafn að gæðum og stundum má setja stórt spurningarmerki við öll aukaefnin sem fylgja annars ágætum vítamínum. Fylliefni eins og sykur, tíataníum díoxíð, hveiti, steric sýra og svo mætti áfram telja. Það er ágætt fyrir okkur mörg að vita að 50% af þeim töflum/vítamínum sem eru á markaðnum í dag innihalda aukaefni, lím eða bindiefni. Fyrir magra er þetta býsna dapurleg staðreynd en aðra, sem eru viðkvæmir fyrir þessum efnum, er þetta raunverulegt vandamál og getur hindrað næringarupptöku. En svona í alvöru, hver vill strá títaníum díoxíð eða steric sýru út á matinn sinn?"

Eftir miklar vangaveltur ákváðu systurnar í Systrasamlaginu að velja Viridian vítamín- og bætiefnalínuna. Jóhanna upplýsir um hvers vegna:

"Það kemur aðallega til að því hversu vel sú lína er hugsuð og vönduð. Og líka vegna þess að flest þau efni sem hún inniheldur, eru ræktuð og unnin í landinu þar sem hún er framleidd, þ.e. í Bretlandi. Vidrian er í persónulegum samskiptum við sína framleiðendur hvort sem þeir eru í Bretlandi, Egyptalandi eða á Íslandi. Viridian er að miklu leyti úr vottuðu lífrænum jurtum og þar sem þau innihalda engin fylliefni nýtist innihald þeirra 100%. Þá er frábært að segja frá því að Virdian fékk nýlega vottun sem fyrsta fyrirtækið í heiminum sem ekki notast við pálmaolíu og er margverðlaunað fyrir hreinleika og gæði.

Hvaða spennandi framundan í bætiefnaheiminum?

"Hvað Virdian varðar, sem er alltaf með puttann á púlsinum, þá er Black seed olía frá þeim að slá í gegn víða og líka hér í Systrasamlaginu. Hún er mjög öflug enda lífrænt vottuð og af bestu gæðum. Nú fæst hún með mismunandi styrkleika af efni sem er sérstaklega bólguhemjandi.

En í ár leggur Virdian ríka áherslu á magnesíum í allri sinni vídd og breidd. Magnesíum kemur að 300 efnaskiptaferlum í líkamanum. Það er mikill skortur á þessu einu allra mikilvægasta efninu sem er lífsnauðsynlegt fyrir okkur. Það kemur m.a. að svefni, heila- og taugakerfi, orku, hjarta, geðheilsu og beinum og tönnum. Magnesíum er kannski einmitt það sem Virdian kallar það **"Spark of life"**, sjálfur lífsneistinn.

Ný og spennandi dansönn hjá Birnu Björns

Ný og spennandi dansönn hófst hjá dans og söngleikjadeild Dansskóla Birnu Björns 17. janúar. Nýja árið byrjaði með stíl enda er mikið framundan hjá kennurum og nemendum skólans á hinni nýju dansönn.

Danskeppnin Dansfárið verður haldin í febrúar í Gaflaraleikhúsinu og prufur fyrir Dance world cup verða einnig í febrúar. HInar stórglæsilegu nemendasýningar skólans verða í Borgarleikhúsinu í mars og verður þema sýningarinnar tilkynnt nú á nýrri önn. Dansskólinn er þekktur fyrir að setja upp stórar metnaðarfullar sýningar með dans söng og leik. Þá verða hinar vinsælu Danssumarbúðir opnaðar í byrjun febrúar. En þær eru haldnar út á landi. Einnig verður farið í dansferð til London í ágúst. Skólinn hefur farið síðustu 10 ár til London með nemendur í frábærar dansferðir. Þá er einnig von á gestakennurum frá Englandi á nýju ári. Hin frábæra söngleikjadeild heldur áfram að blómstra undir stjórn Hreindísar Ylfu Hólm leikkonu. Þar kennir hún ásamt einvala liði kennara, söng og leiklist með dansi.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Næstu námskeið í boði hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Ég heiti Svala Breiðfjörð Arnardóttir

Ég er löggiltur bókari hjá Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.
Ég var nemandi í Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.

„Hringsjá breytti lífinu til hins betra. Í dag er ég í draumastarfi og elska að vakna á morgnana."

Styrkleikar
Þátttakendur fá tækifæri til að greina helstu styrkleika sína og skoða leiðir til að nýta þá betur í daglegu lífi. Rannsóknir benda til þess að aukin meðvitund um helstu styrkleika okkar auki vellíðan okkar.

Bókhald, Excel og tölvubókhald
Farið er yfir grundvallaratriði og hugtök í bókfærslu og bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga. Þátttakendur læra færslu bókhalds frá grunni og því ekki gert ráð fyrir forþekkingu og námskeiðið nýtist einnig þeim sem hafa ákveðinn grunn fyrir.

ÚFF ***- Úr frestun í framkvæmd***
Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.

Jákvæð sálfræði
Almenn umfjöllun um jákvæða sálfræði og hvernig hún tengist andlegri heilsu og vellíðan.

Í fókus - að ná fram því besta með ADHD
Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/ofvirkni) og hvernig er hægt að ná betri tökum á einkennum ADHD í daglegu lífi.

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning í síma 510 9380 eða á staðnum að Hátúni 10d.
Heimasíða: www.hringsja.is
Netfang: hringsja@hringsja.is
Facebook: facebook.com/hringsja

Pálmi Rafn og Þórunn Hilda ráðin til KR

Pálmi Rafn Pálmason hefur verið ráðinn sem íþróttastjóri KR. Hann kemur til félagsins frá fyrirtækjaþjónustu VÍS, en er okkur KR-ingum vel kunnugur þar sem hann hefur spilað með meistaraflokki karla í fótbolta síðan 2015. Pálmi hefur yfirumsjón með öllu faglegu starfi félagsins, umsjón með fræðslu og forvarnarstarfi ásamt því að vinna náið með deildum félagsins að áframhaldandi uppbyggingu þeirra, skipulagi og framkvæmd.

"Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá KR og ég get ekki beðið eftir því að taka til hendinni og vera þáttur í frekari uppbyggingu í félaginu," segir Pálmi.

Þórunn Hilda Jónasdóttir kemur inn sem markaðs- og viðburðastjóri KR. Hún kemur frá Háskólanum í Reykjavík þar sem hún starfaði sem viðburðastjóri á markaðssviði.

"Ég er virkilega spennt að koma inn í KR og taka þátt því öfluga starfi sem hér fer fram," segir Þórunn Hilda.

Hennar hlutverk hjá félaginu er að þróa og viðhalda ímynd og vörumerki KR, afla nýrra markaðstækifæra, ritstýra og hafa umsjón með helstu miðlum félagsins sem og viðburðastjórnun á stærri viðburðum, ásamt því að vera öllum deildum og foreldraráðum innanhandar varðandi fjáraflanir.

Þórunn Hilda Jónasdóttir og Pálmi Rafn Pálmason.

Hallur Hansson er kominn til KR

Hallur Hansson.

Færeyski landsliðsfyrirliðinn Hallur Hansson gerði á dögunum tveggja ára samning við KR. Hallur hefur leikið lengst af sínum ferli í dönsku úrvalsdeildinni, en einnig í skosku úrvalsdeildinni og í Færeyjum.

Hallur kemur til KR frá Vejle en Hallur spilaði allan leikinn og átti stoðsendingu í þeirra síðasta leik fyrir jólafrí dönsku úrvalsdeildarinnar 29 nóvember, þar sem Vejle og topplið Midtjylland gerðu 1-1 jafntefli. Hallur hefur á ferli sínum leikið 283 leiki og skorað í þeim 42 mörk. Þá hefur hann leikið 67 landsleiki fyrir færeyska landsliðið.

KR-ingar á A-landsliðsæfingum

Borðtennissamband Íslands hélt landsliðsæfingar 16. til 19. desember i umsjón Peters Nilson, landsliðsþjálfara. Æft var fyrir ýmis verkefni sem eru fyrirhuguð á árinu 2022.

Þeir KR-ingar, sem tóku þátt í æfingunum voru: Davíð Jónsson, Ellert Kristján Georgsson, Gestur Gunnarsson, Kristin Ingibjörg Magnúsdóttir og Norbert Bedo.

Þau tóku þátt í landsliðsæfingum í borðtennis.

KR semur við Finn Tómas til 4 ára

Finnur Tómas Pálmason er uppalinn KR-ingur, en hann var seldur til Norrköping fyrir ári síðan en kom til KR á láni síðasta tímabil.

Það er frábært að fá hann til liðs við okkur aftur, enda er búist við miklu af honum næstu tímabil. Hann var í byrjunarliði A-landsliðsins í vináttuleik þeirra við Uganda í gær og stóð sig vel.

Við bjóðum Finn Tómas velkominn í hópinn og hlökkum til að fylgjast með honum á vellinum í sumar.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FYRIRTAK
málningarþjónusta
TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA
www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997
LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI
LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

Íbúafundur borgarstjóra í Vesturbæ

Borgarstjóri býður til opins íbúafundar miðvikudaginn 9. febrúar kl. 20:00 fyrir íbúa í Vesturbæ.

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtal við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir á netfangið **ibuafundir@reykjavik.is** eða sett á upplýsingasíðu fundarins.

Fundinum verður streymt á **reykjavik.is/ibuafundir**

Dagskrá íbúafundar

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Vesturbær

Nadine Guðrún Yaghi
íbúí í Vesturbæ
Vesturbærinn - borg í bæ

Spurningar og svör

Birgir Þröstur Jóhannsson
formaður íbúaráðs Vesturbæjar
Fundarstjóri

Reykjavíkurborg